

Alþingi

Erindi nr. P 120/616

komudagur 6.1.1996

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

02.01.1996


Hr. Formaður Ólafur Örn Haraldsson

Ferðamálasamtök Suðurlands fagna framkominni tillögu um verndun jarðhitasvæðis við Geysi í Haukadal.

Samtökin vilja þó benda á að ekki hafa farið fram neinar rannsóknir á því hvað landssvæði á Íslandi þoli mikinn ferðamannastraum. Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar í Bandaríkjunum á ferðamannavæðum. Einstaka niðurstöður þeirra rannsókna hafa verið mismunandi eftir því hvort þær hafa verið gerðar af Ferðapjónustunni eða Náttúruverndarsamtökum. Mismunandi niðurstöður úr rannsóknum á lífríkinu þekkjum við Íslendingar úr Hvalarannsóknum.

Því leggjum við til að Náttúruverndarráð hafi samráð við Samgönguráðuneyti vegna fyrirhugaðra rannsókna og að tekið verði tillit til rannaóknaraðferða ferðapjónustu á umræddu svæði.

Virðingafyllst;



Björn S. Lárusson
formaður